

**Forvarnateymi Akureyrar:**

Forvarnateymi skal starfa í anda Forvarnastefnu Akureyrarbæjar en þar segir: Æskilegt er að ná sem mestri samvinnu um forvarnir við alla sem vinna með börnum og ungmennum. Annarsvegar verður stórt teymi (Stóra teymi) sem nær yfir breytt svið fólks sem starfar að málefnum barna í samfélaginu og hefur það hlutverk að deila upplýsingum um stöðu hverju sinni og hinsvegar minni hópur (Litla teymi) sem er tilbúið að koma saman aukalega ef aðstæður skapast og þörf er á sértækun aðgerðum.

Hlutverk:

Í forvarnastefnu sveitarfélagsins sem gildir fyrir árið 2013-2015 er gert ráð fyrir að starfandi sé hópur aðila úr nærsamfélagi barna og unglunga sem hafa það hlutverk að upplýsa um stöðu og samræma aðgerðir og eða bregðast við í málum barna og ungmenna. Teymið skal kynna sér nýjustu rannsóknir á sviði forvarnamála og gera tillögur að aðgerðum til Frístundaráðs

Fundir:

Stóra forvarnateymið fundar að lágmarki tvisvar á ári en litla teymið sem starfar eftir atvikum skilar fundargerðum til stórar forvarnateymis. Forvarna- og félagsmálaráðgjafar boða til funda með dagskrá, stýra fundum og sjá til þess að haldnar séu fundargerðir.

Í teyminu skulu eiga sæti eftirtaldir aðilar:

Forvarna- og félagsmálaráðgjafar  
Forstöðumaður forvarna- og frístundadeildar  
Formaður frístundaráðs  
Sviðsstjóri fræðslusviðs  
Sviðsstjóri velferðasviðs  
Fulltrúi lögreglunnar  
Fulltrúi námsráðgjafa  
Fulltrúi heilsugæslunnar/skólahjúkrunarfræðinga  
Fulltrúi Ungmennahúss  
Forvarnafulltrúi VMA  
Forvarnafulltrúi MA  
Fulltrúi Fjölsmiðjunnar

Á póstlista eru eftirtaldir og geta óskað eftir að koma inn á fund. Annars fá þessir aðilar að vita þegar fundir eru fyrirhugaðir og fá sendar fundargerðir. Eins er hægt að leita til þessara aðila ef þörf er talin á því. Þessir eru:

Fulltrúi Hlíðarskóla  
Fulltrúi Sak  
Fulltrúi Þjóðkirkjunnar  
Fulltrúi Alþjóðastofu  
Fulltrúi SÁÁ  
Fulltrúi Háskólans á Akureyri  
Fulltrúi leikskólana  
Forstöðumaður Íþróttamála  
Fulltrúi Hlíðarskóla  
Fulltrúi Sak  
Fulltrúi Þjóðkirkjunnar

**Vinsamlegast látið okkur vita ef skipt hefur verið um fulltrúa innan ykkar stofnunar.**